



# Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur – Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður – kt. 640269-6779 – sími: 450-2500 – talknafjordur@talknafjordur.is

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 24. ágúst 2023

Efni: **Umsögn um Grænbók um skipulagsmál**

Grænbók um skipulagsmál er í kynningu í samráðsgátt stjórnvalda og óskað er eftir umsögnum og ábendingum varðandi hana.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps vill koma á framfæri ábendingu um að í umfjöllun um skipulagsmál verði strandsvæðaskipulag samræmt öðrum skipulagsstefnum og verði hluti af heildarlögum um skipulagsmál í stað þess að um strandsvæðaskipulag gildi sérlög.

Jafnframt telur sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps brýnt að mótuð verði skýr stefna stjórnvalda hvað varðar sjávarfallaorku og sjávarfallavirkjanir. Í framhaldi af stefnumótuninni komi sem fyrst lagasetning um slíkar virkjanir ásamt rannsóknaráætlunum þannig að unnt sé að nýta þessa miklu orku sem finnst við strandir landsins.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

  
Lilja Magnúsdóttir  
oddviti

